

T-póstur 30.janúar 2024

Góðan dag,

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið birti nýlega [grænbók](#) þar sem gerð er grein fyrir núverandi stöðu í málefnum innflytjenda og flóttafólks hér á landi.

Þar koma fram lykil áskoranir og fyrstu hugmyndir að framtíðarsýn fyrir stefnumótun í málaflokknum. Meðal annars er stefnt að því að innflytjendur hafi aukin tækifæri til inngildingar (e. inclusion) og virkrar þátttöku í samfélaginu.

Sem næsta skref er unnið að svokallaðri hvítbók sem er drög að framtíðarstefnu. Þar er samtal við samfélagið lykilþáttur til að móta áherslur og framtíðarsýn. Að því tilefni stendur ráðuneytið fyrir [opnum fundum](#) og rýnihópaumræðum um allt land.

Opinn fundur verður haldinn í **Reykjavík þann 28.febrúar frá 17:00-19:00** (sjá viðhengi) en rýnihópaumræður, sem er lokaður fundur eingöngu fyrir flóttafólk, er haldinn á öðrum tíma.

Markmiðið fundanna er:

- Að kynna stefnumótunarferlið út á við
- Að tryggja að sjónarmið og áherslur innflytjenda og flóttafólks um allt land endurspeglast í stefnu stjórnvalda í málaflokknum

Dagskrá

17:00-17:15 Húsið opnar, mæting

17:15-17:30 Setning og kynning - 15 mín

17:30-18:10 Umræður fyrri hluti (hópavinnu skipt eftir tungumálahópum) – 40 mín

18:10-18:20 Hlé – 10 mín

18:20-18:40 Umræður seinni hluti – 20 mín

18:40-19:00 Samantekt og fundarlok – 20 mín

Meðfylgjandi er veggspjald fyrir viðburðinn og hann verður einnig auglýstur á Facebook síðar í vikunni (við munum deila Facebook viðburðinum með ykkur).

Engilega láttu okkur vita ef þið hafið einhverjar spurningar.

Bestu kveðjur



Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið / Ministry of Social Affairs and Labour
Síðumúli 24, 108 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 545 8100
www.stjornarradid.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)